



# Lífgeislur

Tímarit um lífsambönd við aðrar stjörnur

28. tbl. Sept. 1980

Hin sigursæla sókn fram til sífellt vaxandi fullkunnunar, er hin æðsta sæla.

*Helgi Pjeturss*



# Árekstur vetrarbrauta

(Sjá forsíðumynd)

Á ýmsum stöðum alheimsins má sjá vetrarbrautir með afarsérkennilegri lögun þannig, að svo er að sjá sem tvær vetrarbrautir hafi þar rekist saman.

Á síðustu tuttugu og fimm árum hafa ljósmyndir verið teknar af nokkrum hundruðum slíkra árekstra. Svo virðist sem árekstrar milli vetrarbrauta geti verið miklu sennilegri en árekstrar milli einstakra stjarna innan vetrarbrautarinnar því enginn árekstur milli stjarna hefur verið ljósmyndaður síðan sjónaukinn var fundinn upp. Árekstrar milli stjarna eru ákaflega sjaldgæfir vegna þess að meðalfjarlægð milli stjarna er gífurleg í samanburði við stærð þeirra.

Í vetrarbraut okkar er fjarlægð milli stjarna að jafnaði um það bil milljónföld á við þvermál þeirra.

Meðalfjarlægð milli vetrarbrauta er aftur á móti ein til tvær milljónir ljósára, sem er um það bil tífalt þvermál stórra vetrarbrauta, eins og okkar stjörnuhvells og Andrómeduþokunnar. Í ljósi þessa er ekki að undra, þótt sjá megi fáeinar vetrarbrautir, sem rekist hafa á nágranna sína, eða sem eru að því komnar að rekast saman.

Hvað gerist þegar tvær vetrarbrautir rekast á? Meðfylgjandi mynd virðist hafa svar við þeirri spurningu. Þessar tvær vetrarbrautir, sem lent hafa í árekstri líta út eins og þær væru á hreyfingu þvert í gegnum hvora aðra, án þess að neinni mótstöðu sé að mæta, og án þess að þær blandist hvorri annarri. Við fyrstu sýn virðist þetta allfurðulegt, vegna þess, að hvor vetrarbrautin um sig lítur út eins og lýsandi og tiltölulega þétt gaskúla. En svo er í rauninni ekki. Skýringin er sú, eins og fyrr sagði, að stjörnur í vetrarbrautinni eru svo ákaflega fjarlæggar hver annarri í samanburði við stærðina. Þegar tvær vetrarbrautir rekast á og nota báðar tvær aðeins sama rúmtak í geimnum eins og hvor um sig þurfti áður, þá verða stjörnurnar hálfu nálægari hver annarri á meðan þetta ástand varir, heldur en áður var í hvorri vetrarbrautinni fyrir sig, en jafnvel þótt fjöldi þeirra sé nú orðinn tvöfaldur miðað við rúmtak, þá er fjarlægðin milli einstakra stjarna samt svo mikil, að raunverulega er lítil sem engin hætta á árekstrum á öllu því tímabili sem vetrarbrautirnar, sem heildir, eru að fara hvor í gegnum aðra.

Þetta á þó aðeins við um stjörnurnar sjálfar í viðkomandi vetrarbrautum. En gas og rykský, sem vetrarbrautirnar innihalda, munu ekki sleppa við árekstra. Frumeindirnar í þessum gasþokum munu lenda í stöðugum árekstrum þegar vetrarbrautunum lendir saman. Atómin safnast í eins konar kekki og þétt geimský myndast, sem verða upphaf nýrra stjarna; líklegt er að sköpun þeirra gæti orðið mjög hröð, við slíkar aðstæður.

Á meðfylgjandi ljósmynd kemur að vísu ekki fram, að um sköpun nýrra stjarna sé að ræða við árekstur þessara tveggja vetrar-

(Framhald á bls. 90).



# Erindi og greinar

## RÁÐSTEFNA FYRIRBURÐAFRÆÐINGA

Dagana 13.—16. ágúst fór fram á vegum Félagsmáladeildar Háskóla Íslands ráðstefna fyrirburðafraeðinga frá ýmsum löndum, og hefur töluverðu rúmi verið varið til að segja frá þessu í sumum blöðum, og eitthvað var getið um þetta í útvarpi. Á félagsfundi Nýalssinna 7. maí sl. lét Arnór Hannibalsson, sem þar var gestur, þess getið að þetta væri framundan, en meðal beirra sem undirbjuggu ráðstefnu þessa voru dr. Arnór, dr. Erlendur Haraldsson og dr. Þór Jakobsson, en ráðstefnan mun hafa dregið að sér um 80—100 bátttakendur víðsvegar að og munu erindi og ávörp ekki hafa verið öllu færri en sem þessari tölu nemur. Auk þess munu um 20—30 Íslendingar hafa setið ráðstefnuna sem áhevrendur, en aðeins einn tók beinan bátt í henni sem starfandi fyrirburðafraeðingur: dr. Erlendur Haraldsson.

Hvað er fyrirburðafraeði og hverjir eru það, sem stunda hana?

Ég nota orðið fyrirburðafraeði um það sem erlendir kalla „parapsychology“ í stað orðsins duláláfræði, sem myndað var um 1960, þegar sumir Íslendingar voru fyrst að uppötva að sú grein væri til. En löngu áður hafði orðhagur maður gefið greininni nafnið fyrirburðafraeði, eða um líkt levti og farið var að nota orðið parapsychology erlendis um það sem menn höfðu áður kallað „psvchical research“ eða sálrænar rannsóknir, en í hið eldra heiti sótti Sálarrannsóknafélag Íslands nafn sitt. Ég hygg að Þióðverjar hafi fyrstir farið að nota orðið Parapsychologie, upp úr 1925, en síðan var það tekið upp í öðrum löndum.

Hvernig er saga sálarrannsókna og fyrirburðafraeði í heild sinni? Það er mikil saga, og mikið misskilin saga. Það þýðir ekki að tala um hana í sömu andráníni og t. d. skordýrafræði eða innsiglafræði. Hún er grein, sem alltaf hefur orðið að berjast fyrir tilverurétti sínum, nærri því upp á líf og dauða, því það hefur verið algeng skoðun menntamanna, í uppgerð eða alvöru, að viðfangsefni hennar séu ekkert annað en blekkingar og ímyndanir. Saga þessarar greinar



hefur því verið fyrst og fremst baráttusaga, og má svo að orði kveða, að hún hafi orðið að vera að berjast við að sanna, með sífellt flóknari og viðameiri aðferðum, það sem raunar lá í augum uppi. En telja má, að eftir samþykkt bandaríska vísindafélagsins (AAAS) árið 1969, að veita fyrirburðafræðingum inngöngu í samband sitt, hafi aðstaða þessara manna batnað töluvert frá því, sem áður var. Og um líkt leyti fóru að koma um það fréttir frá Austur-Evrópu, að töluverð stund væri lögð á það þar að kanna þessi mál, þó að minna sé um, að birtar séu niðurstöður opinberlega.

Sögu fyrirburðafræðinnar mætti skipta í kafla, og í stærstu dráttum telja fyrsta kaflann frá því árið 1870, þegar William Crookes fer að rannsaka líkamninga, og allt fram til 1930, þegar hin hörmulegu endalok „Margery“-málsins urðu til að draga verulega úr almenningstrausti á líkamningum. William McDougall, sálfræðingur og líffræðingur, leitadist við að rétta við stefnuna, og beindi fyrirburðafræðinni inn á svið líkindareiknings og hinna mörgu smáu tilrauna. Á þessum nýja grundvelli varð I. B. Rhine frægasti maður fyrirburðafræðinnar, og er hann nýlátinn í elli sinni. Framan af virtist honum ætla að verða töluvert ágengt, og þeim sem með honum störfuðu. En um 1955 var gert í Bandaríkjunum það, sem óhætt er að nefna samsæri gegn þessum fræðum, á sérstaklega baulhugsaðan hátt, og önnur samsæri fylgdu á eftir. 1955—1966 má kalla erfiðasta tímamann í sögu fyrirburðafræðinnar. Eftir það fór heldur að rofa til, og síðan hafa ráðstefnur fyrirburðafræðinga eða um fyrirburðafræði, átt vaxandi gengi að fagna.

Þetta var nú aðeins um almenna sögu þessara fræða. En hvað há um innihaldið? Lengi var það von mín, að um leið og þessum fræðum vaxi fiskur um hrvæg, myndi það liggja líóst fyrir, að til er orka, sem fyrirbærunum veldur, og að menn myndu þá skilja, að sú orka tilheyrir himingeimnum og stiörnunum, ekki síður en hver önnur orka, sem þekkt er. En sú von gæti nú virzt öllu fiær því að rætast en þegar hún var að kvikna. Það mætti því ætla að ég væri orðinn svartsýnn á gildi fyrirburðafræðinnar, en svo er þó ekki. Ég tel hana hafa mikið gildi, og vona að hún haldi áfram að þróast. Það er mikið í húfi, að hún verði ekki troðin undir núna eins og oft hefur verið reynt áður.

Það er mennirnir sem stunda þessa grein, sem héldu ráðstefnuna á vegum Háskóla Íslands í ágústmánuði 1980. Hverjir eru þeir, hver er aðferð þeirra og niðurstöður, hver er skilningur þeirra eða heimspeki? Fyrstu spurningunni er óhætt að svara þannig, að þetta



eru yfirleitt prýðilega færir og menntaðir menn, margir hverjir í háum stöðum og með mikilli virðingu, og bætir það eitt að sjálf-sögðu undireins nokkuð aðstöðu þessara fræða. Engum sem til þekkir getur dottið í hug að gera lítið úr þessum hópi í heild. Og mér gat ekki annað en hlegið hugur í brjósti, þegar ég sá Guðmund Magnússon háskólarektor, frænda minn, og Ólaf Ragnar Grímsson deildarforseta félagsvísindadeildar koma þarna fram og setja ráðstefnuna í nafni Háskóla Íslands. Slíkt hefði víst verið óhugsandi fyrir 5—10 árum, við þennan sama skóla — ekki rektors vegna, heldur vegna hins almenna hugarfars í skólanum. Og Ólafur Ragnar fór að rifja það upp, að fyrir 60 árum, um 1920, hefðu sumir af kennurum þessa skóla verið að gefa sig að þessum málum.

Já hverjir eru mennirnir, sem þessi fræði stunda? Ég sat á áheyr-endabekk, og við hlið mér einn af ráðstefnumönnum, nokkuð roskinn, með reglulegt, norrænt andlitsfall, einkar fínlegur og snyrtilegur í öllum hætti og svipgóður. Hann laut að mér og spurði: „Ert þú Íslendingur?“ En ég játaði því. „Starfar þú við Háskólann?“ „Nei.“ Hvert er starf þitt?“ „Ég er skrifstofumaður, og hef lengi veitt þessum fræðum nokkra athygli.“ Allar spurningar hans voru bornar fram með þeirri príðmennsku, sem gerði mér mjög auðvelt að svara. En nú brá fyrir eins og glampa í augum hans, og hann sagði: „Þú hefur haft einhverja reynslu.“ Hann gerði undireins ráð fyrir því, að sá sem lengi hefur gefið þessum efnum gaum, geri það vegna sérstakrar „innri“ reynslu, og má þá ætla að eitthvað líkt búi að baki áhuga hans sjálfs. Ég ætla að flestir sem leggja stund á þessi fræði, eigi eitthvað slíkt að baki, og leiðir af því, að flestir þeirra hallast með sjálfum sér að einhverjum dulfræðum — annaðhvort „kristilegri dulvísi“ (Christian Mysticism) eða Austurlanda-dulvísi, og mun hið síðarnefnda algengara. Enn eru þeir, sem einfaldlega hafa mestan áhuga á því sem styður þann skilning að látinir lífi og geti gert vart við sig, og má telja, að í því viðhorfi segi vest-rænn vísindaáhugi til sín. Það væri í rauninni hið bezta framhald af þekkingarframsókn Vesturlandamanna síðustu aldirnar, að menn fengju djörfung til að spyrja, hvers eðlis lífið eftir dauðann sé. — En vegna þess að málin hafa ekki skýrzt, er endurburðartrúin jafnan á öðru leitinu, og endurburðarsinni er formaður Sambands fyrirburðafraeðinga (Parapsychological Association) eins og stendur.

Eftir þennan inngang vil ég nú skýra nokkuð frá efnisatriðum ráðstefnunnar, og vil ég þó enn leggja áherzlu á, að mennirnir eru margir hverjir svo geysilega hámenntaðir, að það getur verið erfitt



að fylgjast með máli þeirra, fyrir mann sem ekki kann skil á slíku. Þeir eru margir flugmælskir, og þeir þekkja ógrynnin öll af tilraunum og rannsóknum, sem einhverjir aðrir hafa gert, og hafa þetta allt á takteinum. Ég verð að segja fyrir mig, að ég hálf fann til þess, hve fáfróður ég var, jafnvel þótt ég gerði nú ekkert annað en sitja þarna í sæti mínu og hlusta, og þyrfti því ekki að gera grein fyrir mér á nokkurn hátt. Það dugir ekki að segja við sjálfan sig: „ég veit nokkuð“, eins og hrafninn á kvistinum forðum, því til þess að koma málum fram þyrfti að vera hlutgengur, og ég fann betur en áður hve fjarri fór því, að ég væri það. En að vísu var þetta mjög misjafnt eftir því, hver ræðumaðurinn var. Sumir lögðu sig fram um að gera sig sem skiljanlegasta hverjum manni, aðrir síður. Þessir voru aðalflokkar erinda:

*Miðvikudag:*

1. *Fjarskevggni* (Remote Viewing), eftir þeirri athugunaraðferð, sem þeir Puthoff og Targ hafa tíðkað. 4 erindi.
2. *Athuganir á hæfileikum* (fyrirburða-, miðils-h.), barna og frumstæðra þjóða. Mannfræðilegt verkefni. 3 erindi.
3. *Málmluta-bevgingar*. 3. erindi, 1 frá Kaliforníu, 1 frá Japan og 1 frá Ástralíu.
4. *Ýmislegar tilraunir*, m. a. um „að læra óafvitandi“. 6 erindi.

*Fimmtudag:*

5. *Líkindareikningur*, tilviljanabættir og fyrirbærin, og sitthvað sem torvelt er að skýra. 5 erindi.  
Ég sleppi 6. þætti hér og kem að honum síðar.
7. *Svipir* sem röksemd fyrir framlífi. 4 erindi.
8. „*Ærsladraugar*“ (poltergeist), það eru reimleikar á vissum stöðum, oftast með hlutatilfærslu og sérstökum hljóðum, sem þykja benda til óþekktra orsakavalda. 4 erindi.

*Föstudag:*

9. *Persónuleiki og fyrirbæri*. Ýmislegt um viðhorf þátttakenda gagnvart tilraununum, tungumál, kynferði o. s. frv. 4 erindi.
10. *Hugarástand sem örvar framkomu fyrirbæra*. 4 erindi.
11. *Ganzfeld-tæknin*. Þetta er liður í hinni sífellið leit fyrirburðafræðinga til þess að koma til móts við kröfur efasemdamanna, um að geta framleitt fyrirbærin „á færibandí“. Hópur manna er einangraður og látinn fara vel um sig, varinn fyrir hávaða o. s. frv., en undir eftirliti vísindamanns, og



eru síðan gerðar ýmsar tilraunir sem leggja má á vog líkindareiknings. 5 erindi.

12. *Ýmsar tilraunir og erindi*, einkum um hvað örvar eða dregur úr sambandshæfileikanum. 6 erindi.
13. *Enn margvísleg erindi* þar á meðal um „endurburðar“-dæmi. Eitt um notkun heilalínurita til að finna fjarhrifaástand. 10 erindi.

*Laugardag:*

14. *Nokkur erindi og ráðstefnulok.*

Auk þess voru ýmis sér-erindi og umræðubættir.

— — —

Þetta var nú ekki svo óalitleg upptalning, og eins og menn munu skilja þegar þeir lesa þetta yfir, þá hefur þarna verið ýmislegt til frásagnar sem oss líkar vel að heyra, en hefur ekki átt upp á pallborðið hjá ýmis konar lærdóms- og áhrifamönnum síðustu áratugina, hér á landi og annars staðar. Við komum hér enn að hinu sama: að þessi ráðstefna hefur haft „áróðurs“-gildi, fyrir þau málefni, sem mjög margir Íslendingar láta sig nokkru varða. Og þó er ekki rétt að nota orðið *áróður*, því að það felur í sér eitthvað innantómt og falskt, en hitt mun sönnu nær, að ráðstefnumenn hafi verið yfirleitt innra með sér sannfærðir um, að fyrirbærin séu ósvikin. En með því verður stillisgildi þeirra betra, gagnvart Íslandi og gagnvart mannkyninu í heild. Og það er ef til vill ekki ástæðulaust að þakka það að nokkru áhrifum þessarar ráðstefnu, aðdraganda hennar og afleiðingum, hve sumarið hefur verið hér óvenjulega gott. Í heild sinni held ég að áhrif hennar hafi verið holl og hagstæð. En svo er önnur hlið á þessu, sem ég býst við að ýmsir hafi farið að hugsa um við þennan yfirlestur, og það er: , hvar er skilningurinn og skýringarnar? Ég held að óhætt sé að segja, að þær hafi verið fátæklegar. Þegar ég lít yfir erindin, sem ég hlustaði á, þá man ég ekki eftir tilraunum til skýringa nema í tveim eða þrem erindum, og verð ég þá fyrst að geta þess sem ég held, að sé ein aðalástæðan fyrir þessu ástandi mála. Það er vafalaust þessi sífellda glíma við efasemdamennina. Tilraunamennirnir eru síuppteknir af þeirri hugsun að fá endurtekinn árangur, sem leggja megi undir líkindareikning. En þeir gleyma því að þeir eru með *raunveruleg dæmi* milli handanna, sem þarf að skilja og skýra. William Roll og Karlis Osis voru reyndar báðir að reyna að skýra uppruna skyggnisýna, en þeir stóðu þó í sömu sporunum og Myers fyrir 100



árum, hvað þetta varðar. Og má þó segja, úr því að þeir reyndu að skilja, að þeir væru aðdáunarverðustu menn ráðstefnunnar. En þá er líka komið að því, sem mér þótti einna *sízt* aðdáunarvert um þessa ráðstefnu, og var það undir þeirri fyrirsögn sem hét: *Heimspeki fyrirburðafræðinnar*. Reyndar voru erindin tvö, og annað þeirra var svo sem ágætt á sínu sviði, nefnilega um það hugtak Jungs sálfræðings, sem hann nefndi *samtímun* (synchronicity) og víkur að „undarlegum tilviljunum“ sem erfitt er að skýra sem eintómar tilviljanir. En hitt erindið var furðulegt, og það því fremur, að þar sem það var hefði í raun átt að vera hápunktur ráðstefnunnar eða brennidepill. Hefði ég ekki verið ýmsu vanur, þá hefði mig rekið í rogastanz við að heyra erindi eins og þetta en það hafði fyrirsögnina: „*Hvað er rangt við ólíkamlega anda?*“ Og svar fyrirlesarans var: „Ekkert er athugavert við ólíkamlega anda.“ Þetta endurtók hann með tilbrigðum lengi vel, en ég hætti að merkja við, þegar hann var kominn upp í fimmtán með sömu, sífelldu fullyrðinguna. Ég sagði við íslenzkan ráðstefnumann á eftir: „Ef maðurinn hefði rök fyrir máli sínu, hvað hefði hann þá að gera við svona margar endurtekingar?“ Meðal þess sem þarna mátti heyra voru setningar eins og þessar: „Hugurinn er utanvert við náttúruna“. „Hugurinn er ekki í líkamanum“. „Hugurinn er ekki á sérstökum stað í rúminu“. „Draumur minn er ekki í líkama mínum, heldur í huga mínum utanvert við líkamann“. Hvernig getur það verið utanvert við líkamann sem ekki er á sérstökum stað í rúminu, mætti spyrja. Mótsagnir er í rauninni gagnslaust að benda á í þessu sambandi, því að þetta var ekki annað en botnlaust fen. Ég spurði nokkra af hinum erlendu ráðstefnugestum, hvað þeim fyndist um þessa ræðu, og skildist mér helzt, að enginn hefði botnað í hvað verið var að segja. En þetta létu þeir sér þó nægja um þetta kjarnaatriði fyrirburðafræðinnar, sem er sambandið milli vitundarlífs og líkamsstarfsemi. Hinir ágætu menn gera sér ekki ljóst, að án þess að komast betur áleiðis á því sviði, getur ekki orðið um framfarir að ræða í grein þeirra. Og þegar öllu er á botninn hvolft, gat ég sagt við sjálfan mig að lokum, eins og hrafninn forðum: Ég veit nokkuð! *Heimspeki fyrirburðafræðinnar vantar hjá fyrirburðafræðingunum*.

Og með þeim orðum vil ég ljúka þessari frásögn af 23. ráðstefnu Sambands fyrirburðafræðinga, sem haldin var í Háskóla Íslands á vegum Félagsvísindadeildar dagana 13.—16. ágúst 1980.

*Porsteinn Guðjónsson.*



## SAMBANDSSÝN

Ég vil segja frá merkilegri reynslu, sem ég varð fyrir þann 29. mars 1979. Það byrjaði þannig að vinnufélagi minn, Þorsteinn Konráðsson, Háalundi 12, Akureyri, varð fyrir þeirri óheppni að bifreið hans, sem er rauð Ford Cortína árgerð 1970, var stolið um miðnætti 27.—28. mars 1979. Um kl. 9.30 fimmtudagsmorgun 29. mars voru vinnufélagar mínir og ég að ræða um þjófnaðinn, þegar einn þeirra segir: „Þorbjörn, þú ættir að reyna að finna hana.“ Þá átti hann við með hugtengslum eða álíka samböndum. Ég svaraði því til að slíka hæfileika hefði ég ekki. En skömmu seinna fór um við til vinnu. Ég gaf mér þó tíma til að hugsa um bifreiðina, á þann hátt að ég spurði hljóðlaust sjálfan mig, hvar bifreiðin væri.

Það leið ekki löng stund, þar til ég sá skyndilega landslag, mjög ólíkt umhverfinu, sem ég var í. Fjall var til vinstri handar með gróðurlitlum hlíðum og snjór sást þar ekki. Við endann á fjallshlíðinni tók vatn við, eða kannski það hafi verið fjörður. Framundan sá ég endann á vatninu. Skammt þar frá til hægri við vatnið, sá ég bifreið, hún var rauð á litinn og tegundin var Ford Cortina. Einnig sá ég merki, vinstra megin að aftan, þar sem stóð með stórum bókstöfum ÍS. Ég var í nokkurri hæð og leit niður og skáhalt aftan á bifreiðina, en mikið lengra til hægri náði sjóndeildarhringur minn ekki. Á þessum tíma var snjór um allt Norðurland og ég held að svo hafi verið um allt Ísland.

Eftir skamma hríð hvarf sýnin, en þá var farið að tala í gegnum mig. Fyrst var sagt „Skorradalur“, síðan kom „nei, það er Eyjafjörður“ og litlu seinna kom „norð-austan við Eyjafjörð“ og síðan var „Skarðsvík“ alltaf að koma öðru hvoru. Að lokum var sagt, að bifreiðin hefði farið útaf veginum og skemmst að framan, en ekki mjög mikið. Kl. 10.30 sagði ég Þorsteini frá ofangreindu og bætti við, ef eitthvað væri að marka þetta, þá væri bifreiðin sennilega í norð-austur frá Akureyri, við Eyjafjörð. Um kl. 12.00 á hádegi fannst bifreiðin út í vegarkanti í mjóum dal er nefnist Dalsmynni, sem er austan við Eyjafjörð og norðan við Akureyri. Dalur þessi, sem er líkari gili, gengur í gegnum Vaðlaheiði frá Eyjafirði yfir í Fnjóskadal. Lítil á rennur eftir honum miðjum í Eyjafjörð. Við athugun kom í ljós að bifreiðin hafði ekki skemmst að framan og ekki er vítað til, að henni hafi verið ekið útaf. En þó voru skemmdir á henni að aftanverðu; drifið hafði brotnað.

Af framangreindu má sjá hve sambandssýnin var ólík dalnum,



sem bifreiðin fannst á. Það segir um leið, að landsvæðið, sem bar fyrir augu sýngjafa, hafi ekki verið það, sem Dalsmynni nefnist, heldur var um annað svæði að ræða. Líklegt er að þessi sýn eigi önnur heimkynni en á íslenskri grund, snjórinn getur tilefni til að ætla það. Merkið sem ég sá á bifreiðinni virðist þá vera nokkuð torkennilegt. Eins og menn vita þá merkir það að bifreiðin sé frá Íslandi og það kemur heim og saman ef við drögum þá ályktun, að þessi sýn hafi tvo möguleika til að verða til. Annars vegar, að þetta hafi verið íslensk bifreið á erlendri grund og sambandsmenn mínir hafi stillt mig inn á einhverja veru og verður síðan sýngjafi minn. En hins vegar hafi þetta verið á öðrum hnetti og jafnvel að þeir (sambandsmenn mínir) hafi sett eða látið setja þetta merki á bifreiðina til að hafa hana sem líkasta stolnu bifreiðinni. Síðan stilla þeir einhverri ákveðinni veru, sem er á þessum fjarlægga hnetti, til að vera sýngjafi minn. Þá kemur þessi spurning. Hvers vegna reyndu þeir ekki að hafa sambandsstaðinn sem líkasta Dalsmynninu?

Ég álit að sambandsmenn mínir hafi gert það með vilja, hafa landslagið sem ólíkast, til að sanna mér á hvern hátt svona fyrirbæri verða til. Kenning dr. Helga Pjeturss. segir að allir draumar, vöku-draumar og sýnir komi fram vegna draumgjafa, sem lifir það atvik er draumamaður sér. Þetta ofangreinda fyrirbæri, sem ég var þátt-takandi í er tvímælalaust stuðningur við þá kenningu.

*Þorbjörn Ásgeirsson, Akureyri.*



## SAMBAND HUGLÆKNIS

Klukkan hálf átta þennan morgun, 28/8 1980, var ég vöknuð og lá fyrir. Ég ætlaði þó ekki strax upp.

Þá heyri ég hátt kallað til mín: „Farðu á fætur og gegndu embættisstörfum þínum.“ Ég gerði það og settist í stólinn minn.

Ég skildi ekki hver var að kalla á mig og tek bókina með nöfn-um sjúka fólksins, og er að skoða hvort ég eigi að hugsa til þeirra sjúku. Um það bil stundarfjórðungur mun hafa liðið meðan ég var að hugleiða þetta, en þá birtist mér dr. Helgi Pjeturss.: „Þú gleymd-ir miðanum í glugganum,“ segir hann. Og var það alveg rétt.

Daginn áður kom maður með beiðni fyrir veikan dreng og ég gleymdi að hengja hann hjá bréfunum uppi á veggnum, með sjúka fólkinu. Ég var vön því.

Blessaður doktorinn bað mig að skila boðum til bræðra sinna og þakka þeim með kærleika fyrir vel valin orð í ritið, sem gæfi svo merkar lýsingar á starfi hans núna til jarðarbúa, til að vekja þá, er sofa á verðinum.

„Ég sendi ykkur geisla frá guðum mínum

og gef ykkur öllum endurbót.

Þeir starfa á Lífgeislaleiðum þínum

og lækna standa á bjargfastri rót.“ — (S. J.).

Helgi Pjeturss talaði þetta til mín í gegnum sambandið og bað mig að senda þeim þetta.

*Sigurrós Jóhannsdóttir, huglæknir.*



## VITRUN

Að morgni þessa dags var ég vel vakandi og líðan góð. Ég finn mikinn kraft í kringum mig og sé allt hverfa, hið jarðneska. — Þá birtsit mér geislahjúpur. Mikið ljósmagn. — Mann sé ég greinilega í ljósinu, uppljómaðan geislaböndum. — Þessi uppljómaði maður var dr. Helgi Pjeturss — og hann mælti til mín:

„Komdu með mér í bústað minn, á annarri jörðu, búinni meiri tækni og þekkingu.“ Að svo mæltu svífur hann í loft upp, með feikna hraða. Ég var ekki hrædd. Mér leið yndislega. Umhverfis mig var dýrðarbirta. Stjörnur og sólar, í ýmsum litum. Það er ekki hægt að lýsa þeirri dýrð, er ég fékk að sjá og njóta unaðar af.

Dr. Helgi bað mig að segja frá þessu, svo að fólk tryði fremur, að sálfarir ættu sér stað. Það er þörf á, að þekking, á þessu sviði, sé meiri, en nú er. En margt þarf að gerast og samband á milli heimanna að aukast.

„Vaknið, vinir mínir! Öll, svo að við getum látið ljósmagnið geisla í sálarlífi ykkar, með meiri krafti, svo stillilögmál lífsins starfi rétt og stuðli að því, að þið vinnið af meiri sáttfýsi að friði. Trúin á æðra líf þarf að aukast. Það er svo margt í molum á ykkar jörð. Starfslið mitt er stórt og mikil orka geislar frá okkar stóra sólkerfi. Takið öll höndum saman, svo starfsorka ykkar nái til mín. Starfið samkvæmt forsjá Guðs og friðarhendi og finnið ljósgeislaana, er ég sendi.“ Þetta mælti dr. Helgi Pjeturss.

*Sigurrós Jóhannsdóttir.*

17. 9. 1980.

Fyrir þessa frásögn Sigurrósar munu bæði lesendur og útgefendur verða henni þakklátir. Það sem hún fékk að reyna í þessari leiðslu, er meira vert en mörg jarðnesk tíðindi. Svo er að sjá sem þau sambönd leiti nú á sem stefna atburðum til hinnar réttu áttar. — Í sambandi Sigurrósar er þarna talað um sálfarir, en það er orð sem spíritistar hafa notað um afar merkilega reynslu, nokkurs konar draum á æðra stigi, og hafa Nýalssinnar leitast við að gera sér grein fyrir því fyrirbæri — án þess að nota þetta orð. Óskandi væri að sem flestir ættu eftir að verða þeirrar reynslu aðnjótandi.

\* \* \* P. G.



## EINKENNILEG FYRIRBÆRI

Í Setbergsannál stendur þessi frásögn árið 1695:

„— Á þessu hausti riðu tveir menn á rótafjall, hverjir malpoka með sér höfðu, en nær þeir langt frá byggð voru komnir og nálg-uðust á eina, þá datt hestur annars dauður undir honum. Strax þar eftir hestur hins mannsins með sama hætti. Svo varð þessum báð-um mönnum mjög ólystugt og þungt, en hugðu þó að ná malpok-um sínum. Til þess reyndu þeir þrisvar og gátu ekki að gjört fyrir veikleika sakir, því nær þeir fjarlægðust þessa dauðu hesta, batn-aði þeim, en þá til þeirra ganga vildu, þyngdi þeim, svo að til byggða fótgangandi fara urðu. Nokkrum dögum síðar fengu þeir fleiri menn hugdjarfari að vitja þessara dauðu hesta. Þeir veiktust, fengu sting í augu, batnaði þá frá þeim gengu. Um síðir hertu þeir hugi sína, svo að þeir gátu með harmkvælum náð hánnum af hest-unum, urðu þó sjónveikir, og einn til kvölds sjónlaus, en alheilir síðan daginn eftir.“

*Íslenzkir annálar IV. bindi, bls. 143.*

Þessi saga er ekki einsdæmi, eins og sjá má á eftirfarandi frá-sögnum sem Kristleifur Þorsteinsson fræðimaður á Stórákroppi hefir skráð:

Margt er það enn í ríki náttúrunnar, sem ekki er gott að skilja. Meðal þess mætti telja þá staði, þar sem menn, einn eftir annan, verða örmagna og mega varla hrærast.

Bjarni Bjarnason bóndi á Geitabergi sagði mér, að á milli Drag-háls og Geitabergs væri einn slíkur staður. Tvívegis var hann þar á ferð að kvöldi dags, ásamt fleiri mönnum. Í hvort skipti varð einn þeirra félaga svo örmagna, að hann mátti sig naumast hræra. Var það nákvæmlega á sama bletti, sem báðir þessir menn urðu örmagna. Urðu þeir studdir til bæja og rann þá ómegnið af þeim, og urðu þá báðir alheilir. Á þessum stað fundust tveir eða þrír menn dauðir, sinn í hvert skipti, sem Bjarni hafði sögur af.

Það var í kringum 1870 sem bræður mínir tveir, Björn og Jakob, komu neðan frá Reykholtsdal og ætluðu upp að Húsafelli. Þetta var snemma vetrar í frosti og góðu veðri. Nú ganga þeir sem leið liggur hinn svokallaða Syðriveg, sem er inn með Reykjadalssá, allt austur fyrir bæinn Giljar í Hálsasveit. Þegar kemur nokkuð austur



fyrir bæinn Augastaði, er skarpur krókur á veginum. Er það í Hraunsáslandi. Að sumarlagi gætir lítið þessarar lykkju á veginum, því að þar er reiðvegur góður. Nú höfðu bræðurnir gengið sumarveginn allt til þess að þeir komu að þessum bug á veginum. Taka þeir þá beina stefnu til þess að stytta sér leið. Var þar mosaþemba og lítið skógarkjarr. En er þeir höfðu gengið lítinn spöl frá því að þeir yfirgáfu hinn venjulega veg, verða þeir báðir, jafn snemma, alveg vita magnþrota. Þeir reyndu að halda í áttina, en komust ekkert áfram. Þegar þeir um stund hafa reynt að mjakast áfram, sem ekkert gekk, þá kemur þeim til hugar að snúa aftur sömu leið, því að þeir vissu, að þar var gatan slétt undir fæti. Að lokum tókst þeim að dragast það áfram að ná aftur veginum, þar sem þeir höfðu skilið við hann. En þá bregður ólíklega við. Þeir urðu báðir á sömu stundu jafn hressir sem þeir voru, áður en þeir yfirgáfu veginn. Komust þeir heim um kvöldið, hressir og glaðir.

Nú liðu mörg ár. Þessir sömu bræður voru þá orðnir kvæntir bændur. Jakob á Hreðavatni í Norðurárdal og Björn í Bæ í Bæjar-sveit. Þá er það einn vetur, að Björn gengur þessa sömu leið. Tekur hann nú í hugsunarleysi beinu stefnuna, þá sömu er þeir bræður tóku forðum. En nú brá honum kynlega við, þegar hann var kominn jafnlangt og þeir voru áður fyrr, þá verður hann alveg magnþrota. Ætlar hann nú að láta sig hafa það að ganga beint, en þess var enginn kostur. Að lokum neyðist hann til að snúa aftur. Fer þá enn sem fyrr, að hann kennir sér einskis meins. Fór hann eftir það sem vegurinn lá að Húsafelli. Undraðist hann mjög þessi fyrirbrögði, sem óátu ekki staðið í sambandi við ímvndun eða myrkfælni. Því að hann var hinn hraustasti maður bæði á sál og líkama.

*Morgunblaðið, 28. okt. 1971.*

Þessar tvær frásögur, sem Guðmundur Jónsson á Kópavatni hefur sent *Lífgeislum* styðja hvor aðra varðandi þann raunveruleika sem þarna kemur til greina. Þær eru ekki einsdæmi, eins og Guðmundur bendir á, því til er fjöldi annarra sagna sem vísa til hins sama. En þá vaknar spurningin um það hvernig þetta megi skýra, og læt ég hér því fylgja nokkrar línur sem Þorsteinn á Úlfsstöðum hefur ritað fyrir löngu.

*P. G.*



„Má ætla að sambandsskyn sé meira í framlífi en frumlífi, því að þar hlýtur samstillingin að vera meiri — framlíf gæti ekki átt sér stað án þess að samstilling þess væri meiri — og kynni þá hinn framlíðni að skynja, jafnvel í hvert sinn, þegar einhver annar sér það, sem honum er minnisbundið, skynja það þá og greina vegna þess, hve vitund hans væri opin fyrir einmitt þeirri skynjan. Væri slíks að vænta, að í hvert sinn, sem slík samskynjan ætti sér stað, efldi hún mjög hug hans til hinns minnisbundna staðar og það jafnvel svo að áhrifa hans yrði þar vart, og þykir mér sem skilja megí út frá þessu ýmsar sögur um staðbundna reimleika. Hygg ég að slík áhrif hafi það verið fremur en bein hins látna manns, sem orðið hafi til að æra hunda leitarmannanna (í frásögn Guðmundar Friðjónssonar, sem áður var tekin upp), og hafa þau áhrif þá sennilega komið fram sem einhver svipsýn, sem mennirnir, án þess þeir vissu, hafi lagt einhver efni eða skilyrði til, og ef til vill hundarnir líka.“

*Tunglsgeislar, bls. 87—92.*

Bókin *Tunglsgeislar* kom út 1953 og er löngu uppseld.

## BARÁTTA ÁSTAR OG HATURS

Ef „ást mætir ást“ magnast afl „meira en menn viti“, og hver einstaklingur verður „meiri en hann sjálfur“, en mæti hatur hatri eyðist afl, og orka hvers hatandi og hataðs einstaklings hlýtur að þverra.

Hamingja eða óhamingja hvers einstaklings, hlýtur mjög að mótast af ást, sem hann veitir eða nýtur, eða hatri, sem hann sendir öðrum eða fær sent frá öðrum.

Hamingja og ást eiga jafnan samleið, en hamingja og hatur eiga aldrei samleið.

Ástin er sterkasta afl alheimsins. Ást hinnar æðstu veru, Hypersoon, til alls sem er, hefur gert henni kleift að skapa allt sem orðið er, og þróa allt sem verður lengra fram.

Aðeins vegna ástar hinnar æðstu veru, getur hver einstaklingur þróast fram á leið.

Ástin er eina vopn hinnar æðstu veru, í baráttunni gegn hinum illu öflum alheimsins.

*Ingvar Agnarsson (Mbl. 12/7 1978).*



## MÁLÞING ÍSLENDINGA

### um fyrsta heimspekinginn og framhald lífsins

Nú eru að verða rétt 50 ár frá því ég var staddur við messu í nágrannaþorpi, sem ég gisti í fyrsta sinn. Þá var ógreitt um ferðir milli fjarðanna vestra.

Í stólræðu sinni talaði presturinn um frábæran gáfumann sem flestum meira hefði hugsað um dýpstu rök lífs og mannglegrar tilveru og öðrum betur skildi hvað mestu varðaði mannlegan þroska og mannlega hamingju. Þessi ágæti spekingur bæri það einkum úr bítum fyrir störf sín og boðskap að ýmsir töluðu um að hann væri ekki með réttu ráði. Hann væri kallaður geðbillaður.

Mér var ljóst, að hér átti presturinn við dr. Helga Pjeturss. Ef til vill er mér þetta minnisstæðara en ella vegna þess, að gestgjafar mínir voru heldur tregir að ljúka lofsorði á þessa prédíkun. Þeir báru presti sínum annars gott orð, lofuðu ræður hans yfirleitt, en sögðu að oft hefði hann flutt betri ræðu en þetta. Mér skildist að þeir teldu, að spekingurinn misskildi, sem prestur talaði um án þess að nefna hann með nafni, væri Jónas frá Hriflu.

Út frá þessu má margt hugleiða. Vitanlega var Jónas þá fremstur áhrifamanna í þjóðlífinu svo að allir þekktu hann. En svo gjarnt sem mönnum var þá að gleyma Helga Pjeturss mun almenningur síður muna eftir honum nú.

Það er því engin tilviljun, að þeir sem dást að dr. Helga og telja kenningar hans öðru merkari hafa nú gefið út bók í minningu hans: *Málþing Íslendinga um fyrsta heimspekinginn og framhald lífsins*. Þar eru saman komnar ritgerðir 35 manna frá ýmsum tíma um dr. Helga Pjeturss og kenningar hans. Þar er rætt um hann bæði sem jarðfræðing og heimspeking.

Það er út af fyrir sig næsta skemmtilegt, að raunvísindamaður sem lauk námi við Hafnarháskóla 1897 varð frumlegur hugsuður um eilífðarmál mannsálarinnar áður en tveir áratugir voru liðnir frá háskólanáminu. Upp frá því að hugur hans fór að glíma við dýpstu rök mannglegra örlaga og tilveru fannst honum þar vera ennþá stórfenglegra rannsóknarefni en jarðfræðin og raunar öll önnur náttúrufræði og gaf sig því að þeim efnum þaðan í frá.



Það er óumdeilt að dr. Helgi var bráðskarpur vísindamaður. Í annan stað er það viðurkennt að hann hafði óvenjuleg snilldartök á íslensku máli og það naut mjög vel fegurðar og tignar í meðferð hans. Skoðanir hans í heimspekinni eru umdeildari og margt er þar sem flestum finnst ósannað. Svo er um eðli draumanna, að þeir séu reynsla annarrar persónu sem menn skynja í miðilsástandi, og hugmyndir um líf á öðrum stjörnum og áhrif þess. Hins vegar er örðugt að afsanna slíkar kenningar. En þó að menn láti ekki sannfærast af rökum dr. Helga hafa ýmsir yndi og nautn af málflutningi hans og stórfenglegri hugsun. Það er vægilega talað þegar sagt er að íslensku fólki sæmi vel að vita deili á kenningum hans.

Ég tek hér upp fáein orð sem Guðni Jónsson prófessor viðhafði um kenningar dr. Helga:

„Hin mesta nauðsyn mannkynsins hér á jörðu er að vaxa svo að visku og þroska að það geti tekið á móti hjálp frá þeim sem lengra eru komnir á veginum til lífsins. Stefna til nánara bræðralags og kærleiksríkara hugarþels, færa sér í nýt öll ný sannindi og verða þar með en ekki á móti“.

Magnús Jónsson prófessor, segir hins vegar þegar hann er að kynna skoðanir Helga Pjeturss:

„En það fer eftir því hvern veg vér stillum oss, eins og móttöku-stöð, hvor áhrifin vér fáum. Sé agg og kuldi, drápsfýsn og kæruleysi vor á meðal, fáum vér fararbeina á þeirri leið er niður stefnir, og þykir höfundu nokkuð agalega stefnt í áttina yfirleitt á vorri jörð, þar sem morðvargar eru í mestum heiðri hafðir og hrottar tignaðir mest. — En vilji menn nú láta sér skiljast þennan sannleik og hverfa með einum hug að því sem til lífsins leiðir er enn tími til að snúa við. Mun þá ekki standa á áhrifum og „magnan“ í þá átt, þekkingu á miklu hærra stigi en nú er til vor á meðal, því þekking er víða stórum lengra á veg komin en hérna og með þekkingunni krafti þeim sem gerir oss náttúruna undirgefna“.

Það sem mestu skiptir í þessari kenningu allri eru fullkomin sannindi fjölda manna umfram þá sem kalla sig Nýalssinna. Fyrst er að gera sér grein fyrir því hve mikið er í húfi og velferð manna háð því hvernig áhrif til þeirra ná. Því segir sr. Halldór á Reynivöllum um fræði Helga:

„En þó vér aðeins höldum oss við þennan heim og fólkið sem lifir á hverjum tíma stenst kenning dr. Helga Pjeturss mæta vel. Allir þekkjja, eða ættu að geta þekkt, samtakamáttinn, þennan undra-verða mátt, sem öllum er í sjálfsvald settur“.



Þessar tilvitnanir má segja, að séu teknar af handahófi. Þær eiga að sýna að dr. Helgi taldi örlög manns og framtíð væri háð því fyrir hverju menn væru opnir. Það er engin ógætni þó að slíkt sé talið til fullsannaðra raunvísinda, enda þó að vefjist fyrir mönnum að sanna hvaðan þau áhrif stafa og rekja þar allt að rótum. Mest er vert að finna heilsugjafann og njóta hans. Það er betra hlutskipti en þó að menn gætu gert fræðilega grein fyrir því sem þeir kynnu engin ráð til að njóta.

Dr. Helgi Pjeturss ritaði margt um mannlega samábyrgð og hann hafði mikla trú á mætti og áhrifum mannlegrar hugsunar. Hér er ekki tóm til að fjölyrða um fræði hans. En kynni menn sér þetta Málþing fá þeir allgott yfirlit um það hver Helgi Pjeturss var og hvað hann boðaði. Þá er sérnilegt að menn vilji halda lengra og lesa Nýal og önnur heimspekirit dr. Helga.

*Halldór Kristjánsson frá Kirkjubóli.*

## Árekstur vetrarbrauta

(Sjá forsíðumynd)

*(Framhald af bls. 74).*

brauta, en ástæða er til að ætla, að eitthvað slíkt sé þar að gerast.

Annars munu langflestar vetrarbrautir ganga eftir ákveðnum brautum í geimnum, því allar eða langflestar munu þær lúta aðdráttarafli hver annarrar og því í rauninni ganga hver um aðra. Vetrarbrautahvirfingar má því sjá víða um geiminn, og sumum þeirra tilheyra jafnvel þúsundir einstakra vetrarbrauta, stórra og smárra og með ýmis konar lögun.

Vegna þessara lögmálsbundnu hreyfinga vetrarbrautanna, mun vera ákaflega lítil hætta á árekstrum milli þeirra, og þá sjaldan sem það kemur fyrir mætti telja líklegt að eitthvað hafi farið úrskaiðis í hinu mikla sigurverki alheimsins.

Og gæti okkur þá ekki helzt komið til hugar, að lífið sjálft eigi hér einhvern hlut að máli, að alheimsafl lífsins hafi hér misst tökin að einhverju leyti, og að þróun lífsins í viðkomandi vetrarbrautum hafi hér ekki náð því marki, sem til hefur verið ætlast af hinni æðstu veru, hinum alsamstillta mætti lífsins. Því ekki mun árekstur vetrarbrauta vera það, sem til er stefnt í þróun alheimsins.

*Ingvar Agnarsson.*

Heimild: Astronomy eftir Robert Jastrow og Malcolm Thompson.



## GÖFUGT ÁSTARLJÓÐ

Jafnan hefir mér fundist, að Ferðalok Jónasar Hallgrímssonar hljóti að vera fegursta ástarljóð, sem ort hafi verið á íslenzku, og má þó segja um mörg önnur, að þau hafi nokkuð til síns ágætis. Þannig finnst mér ljóð Steingríms Thorsteinssonar, Hjá leiði, hafa sérstöðu vegna göfugarar hugsunar. Er þar um að ræða löngun til fyrirgefningar og sátta, líklega við þá, „sem hann áður unni mest“, en brugðist hafði honum og hann þá óskaði þess, að þau „aldrei hefðu sést“. En nú, þegar sársaukinn er horfinn og vinarhugurinn einn kominn í staðinn, þá er hann staddur þar, sem „gröf og dauði vara“. „Hin fjærsta, fjærsta stjarna mér nú er nær en þú“, segir hann, og gefur það ljóðinu aukið áhrifamagn. Síðan segir:

„Hér er svo hljótt.

Ég hugsa um þig og dauðann  
og mæni í myrkheim auðan  
og grafkyrr grúfir nótt.

Því flutt ei fær

í friði nætur himinn eða stordin

þau signuð sáttarorðin:

Þú aftur ert mér kær.

En hvað hefir svo sá um ljóð þetta að segja, sem gert hefir sér ljóst, að gröf og dauði eru ekki óyffirstíganleg og að jafnvel hin fjarsta stjarna getur aldrei verið alfjarri? Hann hefir það um ljóð þetta að segja, að þessi dökki bakgrunnur, sem þar kemur fram, geti einnig sjálfum honum orðið sem veruleiki, og að ekki sé því ástæða til að ætla annað en að skáldinu hafi einnig fundist það, meðan ljóðið varð til. En hvað sem hverjum kann að geta fundist við það að „mæna í myrkheim auðan“, þar sem allt virðist vera lokað, þá mun hitt einhvern tíma reynast, að öll raunveruleg sáttarorð berist þangað, sem þeim var beint. Það að skilningurinn á því, sem miður fór, og þá um leið afsakanirnar varðandi allt slíkt, muni ævinlega og hvarvetna liggja ljóslega fyrir að lokum, er í rauninni boðskapur þessa ljóðs, þó að undirstrikun þess sé myrkur og nótt.

*Þorsteinn Jónsson*

*á Úlfssstöðum.*



## STJARNNA HEITI NORRÆN

Eptir eiginhandar riti skáldsins síra Þorláks Þórarinssonar (1711—1773) prests að Möðruvallaklaustri 1745—1773, og prófasts í Eyjafjarðar sýslu, sbr. Þorláks kver, 2. útg., bls. 279—280.

1. Norræn stjarna nöfn skal tjá  
norðr og suður himnum á:  
Týr, Þór, Óðinn telja má,  
Tarfsins auga hlær.
2. Hérinn, Lýrin, Hyndlan smá,  
Hrútrinn, Jórinn, Pílan blá,  
Úlfrinn, Hrafninn, Örnin há,  
Asnafolum kær.
3. Sólfylgjan og Svanrinn þá,  
Suðr-kórónan Axi hjá,  
minni Birnu og meiri sá  
Maríurokk ei fjær .
4. Skorpions hjarta, Skjólan frá,  
skír Hundsloppa, Ristin kná,  
Hafskip, Jata, Hvalrinn gá  
Hnýsu þykir nær.
5. Leons hjarta lýðir sjá,  
litlu og stóru Geit ei ná,  
Höggormsberinn herðir stjá,  
Hundastjarna er skær.



6. Kerrumanninn þrek ei þjá,  
þríhyrningi fyrir brá,  
við Altari verður stá  
Vatnsgýgurinn tær.
7. Haustyrkjuna höldar þrá,  
Hindarkálfur rann að lá.  
Fjósakonurnar fylla spá,  
fram Sjöstirnið rær.
8. Hver Örvendils talin tá  
tigni þann, er æðstum ljá  
storðir dýrð um stunda krá.  
Stakan vikið fær.

#### SKÝRINGAR Á STJÖRNUNÖFNUM VÍSNANNA

1. *Týr*, þ. e. Mars; þar við er kenndur Týsdagur eða þriðjudagur.  
*Þór*, þ. e. Jupiter; við hann er kenndur Þórsdagur eða fimmtudagur.  
*Óðinn*, þ. e. Merkurius; við hann er kenndur Óðinsdagur eða miðvikudagur.  
*Tarfsins auga*, þ. e. augað á Tarfinum eða nautinu í Uxamerki, í nánd við sjöstirnið; sú stjarna heitir hjá stjörnufræðingum *Aldebaran*.
2. *Hérinn*, suðurmerki nálægt Eridanus, í fylgd með Uxamerki.  
*Lýrin*, mun vera sama sem *Lyra* eða Harpan. Þar er stór stjarna *Blástjarnan*, sem stjörnufræðingar kalla *Vega*, eða *Alpha* Hörpunnar.  
*Hyndlan*, mun vera sama og Litli-Hundurinn, sem er suðurmerki. *Prokýon* eða *Alpha* heitir stór stjarna í Litla-Hundi.  
*Hrúturinn*, sama sem Hrútsmerki í sólarmerkjahringnum.  
*Jórinn*, líklega sama og hesturinn *Pegasus*, heldur en Folinn.  
*Pílan*, sama og Örin, stjörnumerki norður undan Erninum.  
*Úlfurinn*, eitt af suðurmerkjunum.  
*Hrafninn*, stjörnumerki eitt af suðurmerkjum á Vatnsnaðrinum eða *Hydra*.  
*Örnin*, stjörnumerki, sem gengur stund á eptir Blástjörnunni í Hörpunni; í Erninum er stór stjarna, sem stjörnufræðingar kalla *Athair*, eða *Alpha* Arnarins.  
*Asnafolarnir*, tvær stjörnur nærri Krabbanum, sem eru kallaðar Norður-Asninn og Suður-Asninn.
3. *Sólfylgjan* er líklega Venus, sem kalla má að fylgi sólinni, og er ýmist kölluð Kvöldstjarna eða Morgunstjarna.  
*Svanurinn*, stjörnumerki fyrir austan Hörpuna.  
*Suður-kórónan*, suðurmerki, í nánd við Bogmann.  
*Axið*, stór stjarna í Meyjarmerki, sem stjörnufræðingar kalla *Spica*.



*Birna bin minni, Ursa minor*, í nánd við Vagninn eða Birnu hina meiri. Hjá Minni-Birnu eru tvær merkis-stjörnur, sem heita *Verðirnir*.

*Birna bin meiri, Ursa major*, stjörnumerki sem almennt er kallað Vagninn.

*Mariurokkur*, stjörnumerki, sem alþýða í Danmörk kallar enn *Marirok*, en stjörnufræðingar *Orion*. Hann er suðurmerki. Belti Orionis er það, sem vér köllum *Fjósakonur*, og sverð hans köllum vér *Fjósakarla*.

4. *Skorpions hjarta*, það er stjarna í sólmerki Sporðdrekans; — stjörnufræðingar kalla þessa stjörnu *Antares*, eða *Alpha Antares*.

*Skjólan*, það er skjóla Vatnsberans. — *Ausan (silula)* er stjarna í Vatnsberanum, sem stjörnufræðingar kalla *Kappa Vatnsberans*.

*Hundsloppa* ætti helzt að vera eptir þýðingunni stjarnan *Mirzam* á fremri löpp Stóra-Hundsins, en nærri liggur að hugsa sér hér hina alkunnu stjörnu á rófu Birnunnar hinnar minni, sem heitir *Kynosura* eða *Hundsrófa*, eða hjá stjörnufræðingum *Alpha Bjarnarins*, það er *Möndulstjarnan* (leiðarstjarna, pólstjarna, *stella polaris*). Stóri-Hundur er suðurmerki.

*Ristin* er ekki nefnd meðal stjörnumerkja svo kunnugt sé; það virðist líkindalegast, að það sé stjörnumerkið *Kassiopea*, sem er áþekkt tvöfaldri rist.

*Hnýsan*, eða Höfrungurinn (*Delphin*), stjörnumerki nálægt Erninum og Örinni.

5. *Leons hjarta* er skærasta stjarnan í Ljónsmerkinu, *Regulus* eða *Alpha Ljónsins*.

*Litla-Geit* er einhver af hinum minni stjörnum á Geitinni (*capella*), nálægt Kaupmannastjörnu.

*Stóra-Geit* er sú hin stóra stjarna, sem vér köllum Kaupmannastjörnu, og gengur hérumbil hálfri annari stund á eptir Sjöstirninu. Geitin heyrir til því stjörnumerki, sem heitir Ökumaður, en stjörnufræðingar kalla Kaupmannastjörnuna *Capella* eða Geitina, eða *Alpha Ökumanns*.

*Hafskip* er án efa *Argo*, sem hefir nafn af skipi Jasons; það er suðurmerki.

*Jata* eða stallurinn (*Præsepe*), stjörnuþyrping í Krabbamerki.

*Hvalurinn*, stórt stjörnumerki í suðurmerkjunum, fyrir sunnan Fiskana og hrútinn.

*Höggormsberinn* eða Naðurvaldi, heitir á Grísku *Ophiuchos*, á Latínu *Serpentarius*; hann er stjörnumerki fyrir neðan Herkúles og ofan undir Sporðdreka.

*Hundastjarna* er hin bjartasta stjarna á himninum og stendur í gini Stóra-Hunds, sem gengur á eptir Orioni; hún er almennast kölluð *Sirius*, eða stundum Lokabrenna, og hjá stjörnufræðingum *Alpha Stóra Hunds*.

6. *Kerrumaðurinn* er sama og Ökumaðurinn eða Vagnmaðurinn, sem stjörnufræðingar kalla á Latínu *auriga*; Kerrumaður heldur á geit, og er Kaupmannastjarnan einkennilegust í þessu stjörnumerki.

*Príbyrningur*; þeir eru nú ánefndir tveir til stjörnumerkja, og er hér án efa átt við þann hinn stærra.

*Altari* er suðurmerki á Latínu *ara*, það er í nánd við Sporðdreka.

*Vatnsgýgurin* mun vera sama og Vatnsmaðurinn (*Hydra*), það er suðurmerki og liggur fyrir sunnan Krabba, Ljón og Meyjarmerki.



7. *Haustyrkjan* er stjarna á hægri væng meyarinnar í Meyjarmerki; stjörnufræðingar kalla hana *Vindematrix* eða *Epsilon* Meyjarinnar.

*Hindarkálfur* mun líklega vera það stjörnumerki, sem annars er kallað Hreindýrið. Verðirnir eru tvær stjörnurnar hinar skærustu í Litlu-Birnu, sem fyr var getið; þær eru af sumum kallaðar Kálfarnir.

*Fjóskonurnar* eða *Fjósakonurnar* eru nefndar áður við Maríurokinn eða Orion (vísa nr. 3), að þær eru beltið Orions.

*Sjöstirnið* eða *Sjöstjarnan*, alkunnasta stjörnumerki hjá oss; það liggur á hálsi eða baki uxans í Uxamerki og heitir latínsku nafni *Plejades*. Alkyone heitir stjarna, sem er stærst í sjöstirninu.

8. *Örvandils-tá* er haft hér eins og almenn stjörnukenning. Í Snorra-Eddu er sagt frá, að Þór bar Örvandil hinn frækna í meis á baki sér norðan yfir Elivoga úr Jötunheimum, og kól af Örvandil ein táin, sem stóð út úr meisnum, en Þór braut hana þá af og kastaði upp á himin og getði af stjörnu þá er heitir Örvandils-tá. Nafnið Örvandill hefir nokkurn svip af Orioni, og báðir voru jötnar, en á vestara fæti Orions er merkistjarna mikil, sem stjörnufræðingar kalla *Rigel*, kann vera sú hin sama hafi verið kölluð Örvandils-tá.

#### ATHUGASEMDIR:

Kvæði þetta er birt í Almanaki hins íslenska þjóðvinafélags árið 1875 og er eftir séra Þorlák Þórarinsson, eins og getið er um við upphaf kvæðis.

Jón Sigurðsson, forseti, var þá forseti þjóðvinafélagsins, og mun trúlega hafa átt þátt í efnisvali þessa árgangs. Mun honum hafa þótt kvæði þetta nokkurs um vert, úr því að það er látið birtast í ritinu.

Hér eru talin upp fjölmörg stjörnunöfn á íslensku (alls 42), eins og stjörnufróðir menn á Íslandi munu hafa þekkt þau á liðnum öldum, þótt nú séu þau nöfn sum gleymd og önnur breytt.

Ekki er þess getið í almanakinu, hver tekið hefur saman skýringar stjörnuafnanna, en þessar skýringar eru mikils virði, til að geta áttað sig á, við hvaða stjörnur er átt, með nöfnunum í vísunum.

Ekki mun vera heiglum hent að koma fyrir svo mörgum nöfnum í fáum vísunum, en þær eru liðlega ortar með réttum kveðum og ljóðstöfum, og auk þess er hér um talsverða rímþraut að ræða, því endaorð þriggja fyrstu línanna í hverju erindi fyrir sig, ríma öll saman í öllum erindunum — alls 24 rímorð og aldrei endurtekin þau sömu — og auk þess síðasta lína hvers erindis, sem er sér um rím, alls 8 rímorð, hún rímar einnig saman í þeim öllum.

Í skýringum stjörnuafnanna er í almanakinu sums staðar vísað til Leiðarvísis Björns Gunnlaugssonar til að þekkja stjörnur, en þær tilvitnanir hef ég fellt hér niður.

I. A.



# Draumar

## Draumur um aðdraganda heimsendis

Ég þóttist vera staddur í eldhúsi á heimili mínu, þar voru einnig kona mín og einhverjir fleiri, líklega börn. Ég þóttist horfa út um eldhúsgluggann og sá ég yfir og milli húsa dökkan eða svartan himin, en á honum ótölulegan fjölda ljósa eða stjarna. Sem ég horfði á þessa ljósamergð, tók ég eftir ljósi ekki ólíku ör í laginu er fór hratt yfir himininn frá vinstri til hægri. Vakti ég athygli konu minnar á þessu. Þegar þetta ljós var nálægt því að hverfa til hægri, kom annað álíka, en ofar á himni, og fór geyst; er það nálgadist fyrra ljósið snöggbreytti það stefnu og réðst á fyrra ljósið og þótti mér þau bæði springa og voru sindur mörg á lofti þar um stund. Undradist ég þetta, en þóttist þó vita nokkuð um eðli þessa atburðar og styrjöld er mér þótti þetta hluti af. Eftir nokkra stund komu aftur sams konar ljós og var hegðun þeirra á allan máta eins og þótti mér illska ráða gerðum þeirra. Er þessi seinni árás náði hámarki virtist mér einhver röskun þessara ljósa, eða stjarna, sem ég taldi vera, eiga sér stað, og var eins og allt kerfið kollsteyptist og tortímdist. Þóttist ég vita að sömu örlög biðu þess staðar er ég var á, þótti mér þetta heimsendir vera. Tek ég þá konu mína í faðm minn, vorum við bæði óttaslegin, en þó var sem hryggð yfir þessum lokum væri þó sterkari en óttinn. Biðum við nú þess heimsendis sem okkur þótti mega vænta eftir örskotsstund.

Dreymt aðfaranótt 9. júní 1970, vaknaði kl. 7.30 og þótti þá nýdreymt vera. Geta ber þess að ekkert af því sem ég sá í draumnum var mér kunnugt úr vöku. Ekki ætla ég að reyna að útskýra draum þennan, en vera má að hann geti orðið einhverjum vaki til góðrar athugunar.

*Haukur Sigtryggs.*



## Annarleg áhrif — Draumur

Veturinn 1937—'38 dvaldi ég austur í Borgarfirði á heimaslóðum mínum í Geitavík. Þetta var á þriðju í hvítasunnu og við systkinin vorum boðin til vinafólks okkar í Merki, húss í þorpinu. Til efni þessa var að elsta dóttir hjónanna hafði verið fermd á hvítasunnudaginn. Ég fór snemma á fætur um morguninn, þurfti að þvo þvott áður en ég færi í boðið. Svo var það rétt fyrir hádegisð að ég stend við þvottabalann að á mig sækir svo mikill svefn, að ég á þess ekki kost að halda áfram við verkið. Dragnast ég þá upp á loft, leggst fyrir og sofna á stundinni. Dreymir mig þá, að ég sé komin að þvottabalanum niðri í eldhúsinu og verður litið út um gluggann. Sé ég þá stóran hvítleitan mökk, líkastan gufumekki, stíga upp yst í þorpinu og bera við Staðarfjallið, en undir því stendur prestssetrið Desjamýri. Mökkur þessi var svo þéttur, að ekki sást í fjallið á þeim stað, sem hann bar í.

Í mekkinum miðjum sé ég tvö ljós hlið við hlið. Annað ljósið var dálítið stórt en hitt lítið og milli þeirra var dálítið bil; ekki voru þau mjög skær og engir geislar út frá þeim.

Ekki var draumur þessi lengri, enda hafði ég ekki sofið nema í örfáar mínútur.

Þegar ég vaknaði var ég eins og ég átti að mér og hélt áfram við þvottinn. Seinnipart dagsins fórum við svo í kaffiboðið eins og áætlað hafði verið. Þegar í Merki var komið fréttum við að slys hefði orðið í þorpinu. Föðursystir húsfreyjunnar í Merki og stúlku-barn á öðru ári höfðu skaðbrennst í sprengingu, er orðið hafði í eldavél í húsi því sem þær áttu heima í utarlega í þorpinu. Þær munu báðar hafa látist sama daginn og slysið varð, með stuttu millibili. Móðir litlu stúlkunnar og tengdadóttir gömlu konunnar sem fórust, var meðal gestanna í Merki þennan dag, en var nýfarin þaðan er okkur bar að garði.

*Endurritað á þriðja í hvítasunnu 1980.*

*Svava Jónsdóttir.*



## Bláleitu mennirnir. — Draumur

### I.

Mig dreymdi, að ég væri staddur í vinahópi, og ræddum við um eitt og annað.

Skyndilega hverfur mér þetta umhverfi, og ég var staddur allt annars staðar, og þar er margt fólk, sem ég kannast alls ekkert við. Svo snögglega gerist þessi breyting, að mér fannst alls enginn tími líða. Varð ég mjög undrandi á þessari breytingu. Mér fannst mér hafa verið varpað á augabragði úr minni eigin veröld yfir í annan heim, sem mér væri með öllu ókunnur.

Fyrir framan mig stóðu margir menn í hálfhring, og mér fannst næstum því eins og þeir hefðu átt von á mér. Ég leit yfir hópinn. Þeir voru allir bláir yfirlitum, svipurinn heldur þóttalegur og fráhrindandi, og mér fannst mér stafa af þeim einhver ógn.

Ég varð óttasleginn, vildi komast héðan til minna fyrri heimkynna, en fann, að þaðan var ég eins og lokaður úti. Ég tók að æpa og hrópa eins hátt og ég gat, en allt var það til einskis.

Svo vaknaði ég.

### II.

Draumur þessi er nokkuð furðulegur. Það er eins og draumgjafa mínum hafi verið varpað í einu vetfangi úr heimkynnum sínum yfir í annan heim, honum ókunnan og jafnvel fjandsamlegan. — Skýringartilgátur gætu verið nokkrar:

1) Hann gæti hafa komist í sambandsástand, eignast á öðrum stað sýngjafa, svo honum hafi fundist hann vera þar sjálfur staddur.

2) Hann gæti hafa farið hamförum í eins konar skyndiheimsókn til annars staðar, komið þar fram um stundarsakir og horfið þaðan brátt aftur (aflíkamastr).

3) Hann gæti hafa dáið skyndilega og liðið fram til annars staðar (annarrar stjörnu) til að eiga þar heima varanlega. En fólkíð þar er honum framandi og ekki að skapi, hann óttast það og vill komast aftur til síns heimi. — Hitt er svo annað mál, að e. t. v. hefur hann sjálfur skapað sér slíkan samastað með breytni sinni og lífern. En einnig gætu stilliáhrif hans átt hér hlut að máli.

Þar sem ég er þess viss að hafa í draumnum komist í samband við raunverulegan mann í öðrum stað (vafalaust á öðrum hnetti), vil ég óska honum þess, að hann losni úr þeim ógöngum, sem hann virðist hér hafa komist í, algerlega óvænt.



Lífið á öðrum stjörnum verður okkur ekki eins óviðkomandi og fjarlægt og ætla mætti, því skilja má að draumar okkar eiga þangað rætur að rekja, og að við erum þar svo að segja með annan fótinn á hverri nóttu í draumum okkar.

*Ingvær Agnarsson.*

*(Dreymt 21. sept. 1980).*

## Vísindastöð. — Draumur

Í nótt dreymdi mig mikið, en fæst tollði í minni er ég vaknaði, ég segi þó hér frá hluta draums er mér þótti athygli verður.

Ég þóttist staddur í stórum sal í einhvers konar vísindastöð, og vera starfsmaður þar. Þarna vann margt fólk og var klæðnaður þess talsvert frábrugðinn því sem við þekkjum. Var hann efnislítill og ekki ólíkur að sjá leðri (þunnu) eða einhvers konar plasti. Þessi vísindastöð virtist í flestu mikilvæg og var mikil leynd yfir öllu starfi. Sérstakar aðferðir voru viðhafðar til að tryggja trúnað starfsfólks, var það með vissu millibili (líklega einu sinni á dag) látið fara inn í einhvers konar tæki, líkt og röntgen-tæki, og þar var tekin af fólki eins konar mynd er sýndi hvort eitthvað hefði farið úrskeiðis, og ef svo væri, þá hversu alvarlegt brot væri um að ræða. Ekki virtist unnt að leynd tæki þessu hugsunum eða vitneskju. Þarna skammt frá mér vann stúlka, er hafði nokkur smábrot á samviskunni og til merkis um það, þá varð hún að ganga með þrönga snúru um hálsinn, en við snúruna voru festir litlir (plast?) belgir, mismunandi að lit og lögun sem tákn um eðli og stærð afbrotanna. Þóttist ég vita að við mjög alvarleg afbrot væri hegning sú að viss hluti líkamans væri látinn verða fyrir geislun svo skaða ylli. Líkamanum væri þá skipt í sex svæði þannig að hægri hluti höfuðs, háls og hægri öxl væru í einum, hægri brjóst, síða og handleggur í öðrum og hægri mjöðm og fótur í þeim þriðja, og væri vinstri hlið skipt á sama hátt. Þegar líkamshluti væri geislaður þannig, yrði hann bláleitur, nálægt því að vera fjólublár. Þannig þótti mér sem sá brotlegi væri gerður óhæfur að vissu marki og jafnvel eyðilagður ef ástæða þætti til. Í stöð þessari ríkti mikill agi og virtist starfsfólk nánast vera þrælur og þótti mér menn vera hughentir til hlýðni og starfa í vissa átt.

Þarna skipti draumnum og þóttist ég nú vera utan við stöð



þessa, leitaði ég, ásamt öðrum, að inngönguleið og þótti mér sem stöðvarmenn vissu um okkur. Höfðum við einhvers konar farartæki (láðs og lagar) og eins höfðu stöðvarmenn. Þótti mér nú opnast leið um göng nokkur og var vatn í og þótti mér fært farartækjum okkar. Þótti mér sem við hefðum uppgötvað það sem ætlun okkar var og hrósuðum við vissum sigri, en vissum þó fleiri þrautir óunnar og yrði þar að fara að öllu með gát.

Fleira úr draumnum toldi ekki í minni. Virðist mér ég hafa verið í sambandi við a. m. k. tvo draumgjafa, og óvíst að um sömu stöð sé að ræða í báðum tilfellum. Telja verður að draumgjafar hafi verið á stöðum þar sem tækni er á mjög háu stigi, en framvinda slæm. Eigi gerði ég mér grein fyrir hvort birta var frá sól, eða hvort um einhvers konar (raf)-lýsingu var að ræða, en fróðlegt hefði slíkt þó verið að vita.

*Dreymt aðfaranótt 25. apríl 1971.*

Þess má e. t. v. geta að kvöldið áður (24. apríl) sá ég leiksýningu, Fást, í Þjóðleikhúsinu. Má vera að sú sýning hafi skapað þau stilliáhrif er beindu mér til þessara sambanda.

*Haukur Sigtryggsson.*

## **Draumur um svif hátt í loft upp**


Mig dreymdi, að ég stóð undir mjög háu fjalli og virti það fyrir mér. Neðantil í fjallinu voru miklir hamrar, háir og breiðir, eins og hér væri um innskotslag að ræða eða berghleif er myndast hefði langt undir yfirborði jarðar, en komið fram síðar í einhverri fortíð. Og í draumnum var ég einmitt að hugsa um myndunarsögu fjallsins á þessa leið.

Ofan við þessa hamra voru skriður og þar ofan við voru aftur berglög er náðu upp á brúnir fjallsins.


Ég fékk löngun til að skoða betur þetta mikla fjall, og ég ákvað að svífa hátt í loft upp í þeim tilgangi.

Og samstundis sveif ég frá jörðu, þráðbeint upp í loftið. Ég þóttist beita til þess hugarorku, en annars veittist mér þetta ekki erfitt. Hærra og hærra sveif ég og stöðugt horfði ég á fjallið og virti það vel fyrir mér. Og ég sá hvernig útlit þess og afstaða breyttist, eftir því sem ég leit það frá hærra sjónarhóli.





Útsýn til fjallsins í byrjun draums.



Útsýn úr lofti til fjallsins í síðari hluta draums.

Loks staðnæmdist ég í hæð sem svaraði til mestu hæðar fjallsins. Nú sá ég á ská niður á hamrana, sem áður er minnst á, og ég sá nú að þeir voru alllangt neðan við miðju fjallsins, öfugt við það, sem mér áður hafði sýnst. Og ég sá að skriðurnar milli hamranna og klettanna efst í fjallinu voru miklu hærri, en ég áður hafði haldið, meðan ég horfði á þær neðan frá láglandinu. Ég sá líka að ofan við hamrana neðan til í fjallinu, var hallinn ekki eins mikill og þar voru miklir urðarhólar, en ofan þeirra brattar skriður allt upp undir klettabeltin efst í fjallinu. Allengi horfði ég, og virti þetta hrikalega landslag fyrir mér, og var snortinn af mikilleika þess.

Og er ég horfði niður á hólana ofan við hamrana í neðri hluta fjallsins, sá ég þar margt fólk og beindist nú athygli mín að því. Það var samæn í hóp, og var á hreyfingu, líkt og svífi það rétt yfir jörðu í einhvers konar leikfimi eða dansi.

En nú dapraðist mér draumurinn og sýnin hvarf.

Svífa ég þóttist  
í svimandi hæðum  
ofar öllum fjöllum.  
Glatt skein sól  
og geislum sló  
yfir fagra foldu.

Sá ég fólk  
í fjallasölum  
ofar hömrum háum,



sveif það létt,  
sveipað blárri móðu  
sem í dillandi dansi.

Unaðslegt  
var á að líta.  
Fögur var fjallasýn.  
Hugur fylltist  
heitri gleði,  
uns dvínaði draumsins yndi.

*Ingvar Agnarsson.*  
(*Dreymt 24. sept. 1980*).

## **Eldurinn sem logaði, en brann ekki. — Draumur**

Í júlímánuði 1978, sat ég í fyrsta sinn sambandsfund í Félagi Nýalssinna, Álfhólsvegi 121. Nóttina eftir dreymdi mig eftirfarandi draum:

Ég var stödd á ókunnum stað, á svæði er var afgirt að einhverju leyti. Þarna stóð stallur fremur lágur og hringlaga, hlaðinn úr grjóti. Á þessum stalli logaði eldur, með mjög björtum logum, en enginn reykur sást.

Eldurinn náði næstum út á brúnir á stallinum, og var ég hrædd um að kviknað gæti í útfrá þessu. Nú vildi ég hraða mér í burtu, áður en slíkt gerðist. Svipast um eftir einhverju til að girða fyrir eldinn. Þá tek ég eftir tveim aflöngum hlutum, er liggja þarna, reisi þá upp við stallinn fyrir framan eldinn, svo þeir mynda eins og X. Einhver manneskja var þarna með mér, en ég man ekki til, að við töluðum saman.

Við gengum útaf svæðinu og lokum hurð eða hliði, er þarna var til staðar. Nú vissi ég eftir einhverjum leiðum, að ekki stafaði nein hættu af þessum eldi; það gæti ekki kviknað í útfrá honum. Ég sný mér við og lít til baka og nú er hliðið eða hurðin orðin hringlaga og eins og gluggi á sjálfvirkri þvottavél eða eins og gluggi á flugvél og í gegnum hann sé ég eldinn með þessum óvenjulega umbúnaði.

*Svava Jónsdóttir.*



# Sambandsfundir

## Fyrir miðilsmunn

Miðill: Sveinn Haraldsson.

Undravert er þetta lífslögmál, hamskiptin og flutningurinn frá einni jörð til annarar, sem stendur djúpt í tilverunni svo ekkert lögmál stendur raunverulega dýpra.

Hver einstaklingur er gæddur ódauðlegri sál. Þannig er ekki hægt að útrýma honum, hvernig sem reynt væri til þess. Kraftur hvers eins er ævarandi og hæfileikinn til endurlíkömunar er lögmálsbundinn, svo hver einn hlýtur að endurlíkamast á einhverjum öðrum hnetti.

Þannig er hver einn einstaklingur óendanlega dýrmætur þáttur tilverunnar. Því betur sem ég hugsa þetta og skil þetta, því meir undrast ég lögmál lífsins.

Þegar að því er gætt, að hver einstaklingur virðist vansæll og lítilsvirði í fyrstu, er það víst, að hans bíður í framtíðinni sífellt stærra og stærra, merkilegra og merkilegra hlutverk, sem þáttur í guðlegri tilveru stjarngeimsins.

7. 7. '80.

1. Helgi Pieturss: Sæl. Já, reynt er að beina öflugri orku til ykkar fundar. Vonandi verður unnt að ná nokkrum tókum og ræða við ykkur. Hér tekur Dungal til máls.

Blessuð. Jája, hugsað er til ykkar og reynt að magna aflsvæðið í stöð ykkar og reynt að veita ykkur þátt í öflugra lífi á nokkurn hátt og lækna hugsa til ykkar og gætuð bið nefnt sjúklinga.

4. 8. '80.

Miðill: Sveinn Haraldsson.

2. Hin minnsta eining líkamans er eins og heil vetrarbraut.

26. 5. '80.



3. Heimsóknir eru háðar aflsvæði hvers hnattar og hugarfari íbúa hans.

1. 9. '80.

4. Annars er nú þetta ekki mitt meðfæri að spá mikið, en ég spái því, að þið munið sjá guðina birtast.

1. 9. '80.

5. Frumlífshnettir eru samstíga í stórum dráttum milljónum saman. Atburðarás eins hnattar, skynjuð á öðrum hnetti, getur virst sem skynjun inn í framtíðina.

2. 6. '80.

6. Íslenskan er aldagömul og á sér rætur á æðri hnöttum.

9. 6. '80.

7. Íslensk tunga er göfugust allra mála á jörðinni.

6. 8. '80.

8. Blessuð íslenskan. Það er fagurt mál og göfugt. Margir hnettir sem íslenskan ríkir á. Það mál sem líkast er máli guðanna.

(Hallgrímur Pétursson) 21. 7. '80.

9. Allar frumur líkamans senda lífgeislan frá sér en misjafnt þó.

12. 11. '79.

10. Sérstakar móttökustöðvar eru fyrir lífgeisla í líkamanum.

12. 11. '79.

11. Vitkjarnarnir stjórna uppbyggingu líkamans. Blóðið gegnir þar miklu hlutverki. (Sjá 33)

12. 11. '79.

12. Frumurnar allar hugsa.

13. 8. '79.

13. Ekki eru skil milli fruma og hugsunar. Blóðfrumur eru þar kröftugri en aðrar.

24. 3. '80.



14. Frumur hafa samband við frumur. En þetta er einnig vit-samband.

7. 4. '80.

15. Nauðsyn er að auka líffræðipækkinguna.

7. 1. '80.

16. Það sem mætti breyta stefnunni, væri fræðsla og vaxandi þekking á lögmálum lífsins og eðli tilverunnar.

7. 7. '80.

17. En fjargeislun er þetta, sem lífið virðist ná og stafar frá lifandi líkama og frumum hans.

21. 4. '80.

18. Það hefur mikla þýðingu að allur líkaminn sé í lagi. Blóðið einnig.

26. 5. '80.

19. Það geislar frá öllum frumum líkamans sami kraftur.

9. 6. '80.

20. Kirkjan taki upp stjörnusamband? Það þyrfti hún að gera svo hennar áhrif á mannlega hugsun og breytni yrðu slík sem nauðsynlegt er. Kenna mönnum hvert þeir fari eftir dauðann. Það þarf að stórauка fræðslu um eðli framlífsins og kenna mönnum að haga svo líferni og hugsun sem er þeim fyrir bestu í bráð og lengd.

(Hallgrímur Pétursson) 21. 7. '80.

21. Mjög mikið er hugsað til Íslands frá ýmsum hnöttum veit ég og tilraunir beinlínis gerðar til að hafa áhrif þaðan á þjóðina, reynt að efla samhug um hið rétta. Þetta þarf þjóðin að gera sér ljóst, að henni er sérstakt hlutverk ætlað í mannkynssögunni.

28. 7. '80.

22. Ekki er hinn minsti vafi á því, að Helgi Pjeturss hafði fullkomlega rétt fyrir sér hvað snerti Íslendinga, að þeir væru útvalin þjóð að því leyti, að þeim væri ætlað forystuhlutverk meðal þjóða jarðarinnar.

28. 7. '80.



23. Ekki eru Íslendingar hervædd þjóð. Það er afar þýðingar-  
mikið hlutverk, sem Íslendingum er ætlað til björgunar mann-  
kyninu bókstaflega. Af æðri verum er þeim þetta hlutverk ætlað.  
Það munu Íslendingar hafa forystu um, að hernaðarhugarfari megi  
linna á jörðinni, að því hugarfari og undirferli verði lokið. Þetta  
er okkur fornmönnum á ýmsum framlífshöttum mikið umhugsunar-  
efni og áhugamál, að leggja Íslendingum lið í því að breyta mannlegri  
hugsun og hugarfari til betri vegar.

14. 7. '80.

24. Ég skynja það til margra framlífshnatta, að Ísland hafi áhrif  
út frá sér talsverð og það bendir til þess, sem Helgi Þjeturss taldi,  
að Ísland væri ekki áhrifalaust hvað framtíð milljóna hnatta snerti.

28. 7. '80.

25. Það hefur mér í framlífi tekist að kynnast mannkynjum  
skyldum mannkyni jarðarinnar og getað skynjað til þessara mann-  
kynja mikið, þannig að ég veit ýtarlega um gang mála á ýmsum  
framlífshöttum, er líkt er á fyrir og á minni gömlu framlífisjörð.  
Ekki er lítið atriði að vita tengsl milli hinna ýmsu framlífshnatta,  
þegar gera skal sér grein fyrir framvindu lífsins þar og samhengið  
þar á milli.

28. 7. '80.

26. Kona talar. Sæll Gunnar. Þú kannast við mig. Mamma. Ég  
hugsa til þín úr fjarska, á annarri jörð, þar sem við lifum yndislegu  
lífi. Það er undurfagurt hér. Húsið, þar sem við pabbi þinn eyðum  
nú lífinu mjög í, er reist í fögru umhverfi. Við tölum hér við blómin  
og þau svara okkur á sinn hátt. Það líður ekki sá dagur, að ég hugsi  
ekki til ykkar á jörðinni. Það er fyrirstaðan sem sigrast þarf á, þröng-  
sýnin, hrokinn og drambsemin. Einnig er það hatrið. Það afl er  
stórhættulegt. Ég mun nú reyna að senda þér drauma. Og þá læt  
ég þetta nægja. Ég bið að heilsa. Blessaður.

(Rósa Hjörvar) 14. 4. '80.

*Gunnar Hjörvar*  
(ritaði eftir segulbandi).



# Lífgeislar

Útgefandi: FÉLAG NÝALSSINNA  
Álfhólsvegi 121, Kópavogi, sími 40765, Pósthólf 1159, Reykjavík  
Ritstjóri: INGVAR AGNARSSON

---

## EFNISYFIRLIT:

### ERINDI OG GREINAR:

Árekstur vetrarbrauta (Sjá forsíðumynd). I. A. ....	Bls.	74
Ráðstefna fyrirburðafræðinga. Þorsteinn Guðjónsson	—	75
Sambandssýn. Þorbjörn Ásgeirsson .....	—	81
Samband huglæknis. Sigurrós Jóhannsdóttir .....	—	83
Vitrun. Sigurrós Jóhannsdóttir .....	—	84
Einkennileg fyrirbæri .....	—	85
Barátta ástar og haturs. I. A. ....	—	87
Málþing Íslendinga. Halldór Kristjánsson frá Kirkjubóli .....	—	88
um fyrsta heimspekinginn og framhald lífsins		
Göfugt ástarljóð. Þorsteinn Jónsson á Úlfsstöðum ...	—	91

### LJÓÐ:

Stjarna heiti norræn. Þorlákur Þórarinsson .....	—	92
--	---	----

### DRAUMAR:

Draumur um aðdraganda heimsendis. Haukur Sigtryggsson .....	—	96
Annarleg áhrif — Draumur. Svava Jónsdóttir .....	—	97
Bláleitu mennirnir — Draumur. I. A. ....	—	98
Vísindastöð — Draumur. Haukur Sigtryggsson .....	—	99
Draumur um svíf hátt í loft upp (með mynd). I. A. ...	—	100
Eldurinn sem logaði, en brann ekki — Draumur. Sv. J.	—	102

### SAMBANDSFUNDIR:

Fyrir miðilsmunn. Gunnar Hjörvar ritaði .....	—	103
Auglýsing: Verðskrá yfir Nýala .....	—	107